

Tillaga að breytingu á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003, sbr. þingskjal 88 og 88. mál.

1. brtt.

Í stað 13. gr. frumvarpsins kemur ný grein, svohljóðandi:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, X, sem orðast svo: Vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2003 skulu vera 90% af vaxtabótum útreiknuðum samkvæmt B-lið 68. gr. laganna.

2. brtt.

Við frumvarpið bætist ný grein er verður 14. gr. og orðast svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2004 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2005 vegna tekna og eigna á árinu 2004. Ákvæði 2. gr., b-liðar 3. gr., b-liðar 6. gr. og b-liðar 9. gr. öðlast gildi 1. janúar 2008. Ákvæði 10. gr. öðlast gildi við birtingu og kemur til framkvæmda við álagningu og endurákvörðun eftir gildistöku ákvæðisins. Ákvæði 13. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2004 vegna vaxtagjalda á árinu 2003.

*Athugasemdir við einstakar breytingartillögur*

Um 1. brtt.

Hér er lagt til að vaxtabætur á árinu 2004, vegna vaxtagjalda á árinu 2003, verði 90% af vaxtabótum útreiknuðum samkvæmt B-lið 68. gr. laganna. Þessi breyting er lögð fram samhliða tillögu um að lækkun á hámarks hlutfalli vaxtagjalda af skuldum til útreiknings vaxtabóta úr 7% í 5,5%, komi ekki til framkvæmda fyrr en við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á árinu 2004. Þessi breyting er m.a. lögð fram í kjölfar nýlegs dóms Hæstaréttar sem kveðinn var upp eftir að frumvarpið var lagt fram.

Lækkun vaxtabóta á árinu 2004 er liður í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og forsendum fjárlagafrumvarps um aukið aðhald í ríkisfjármálum 2004 með það að markmiði að halda aftur af innlendra eftirspurn og varðveita efnahagslegan stöðugleika, nú þegar nýtt hagvaxtarskeið er hafið. Liður í því er lækkun ríkisútgjalda með sérstökum aðgerðum, þ.m.t. lækkun vaxtabóta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004 er gert ráð að greiddar vaxtabætur nemi 4,5 milljörðum króna á því ári.

Um 2. brtt.

Greinin fjallar um gildistöku og er óbreytt miðað við núgildandi 13. gr. frumvarpsins með þremur undantekningum. Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði d-liðar 5. gr. frumvarpsins öðlist gildi 1. janúar 2004 og komi til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á árinu 2004. Í öðru lagi er lagt til að 10. gr. frumvarpsins öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu og endurákvörðun eftir gildistöku ákvæðisins. Í þriðja lagi er lagt til að hið nýja ákvæði 13. gr. frumvarpsins, sbr. 1. brtt., taki þegar gildi og komi til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2004 vegna vaxtagjalda á árinu 2003.